

Ed.

4. Frumvarp til laga

[4. mál]

um breyting á lögum nr. 60 1939. um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1951 með 450% álagi gjald samkvæmt lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. laganna, sem henni heimilast að innheimta með 550% álagi, og öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla, sem heimilað er að innheimta með 600% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. lið 3. kafla, sem heimilað er að innheimta með 50% álagi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er til framlengingar á lögum nr. 113/1949. 50% hækkun á kaffibæti, sem innheimt hefur verið undanfarin ár samkvæmt heimild í 3. lið 3. gr. laga nr. 98/1941, er nú tekin upp í þessi lög, því að í frumvarpi því um bráðabirgðabreytingu tollskrárlaganna, sem lagt er fram með þessu frumvarpi, er lagt til, að lög nr. 98/1941 verði felld úr gildi.